



AÐALSKIPULAG RANGÁRPINGS EYSTRA 2020-2032

Jarðstrengir til Vestmannaeyja

07.12.2023

Breytt. 14.03.2024




SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,

með síðari breytingum, var sampykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 21.03.2024



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 05.06.2024



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 18.10.2023 með athugasemdafresti til: 01.11.2023.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 24.01.2023 með athugasemdafresti til: 03.06.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: maí 2024

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103471-ASK-001-V05

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Staðhættir	5
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.2.2	Orkustefna til ársins 2050	6
2.2.3	Kerfis- og framkvæmdaráætlun Landsnet.	6
2.2.4	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032	7
2.3	Fornminjar	8
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
3.1	Breyting á upplætti	8
3.2	Breyting á greinagerð	8
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
4.1	Valkostir	9
4.2	Umhverfisþættir og áherslur	9
4.3	Mat á umhverfisáhrifum	10
4.4	Niðurstaða	10
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	12
5.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	12

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna tveggja nýrra 66 kV strengja til Vestmannaeyja, Vestmannaeyjalínu 4 (VM4) og Vestmannaeyjalínu 5 (VM5). Strengur VM4 var á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2012-2024 en féll út fyrir mistök við síðustu heildarendurskoðun aðalskipulags, er honum nú bætt aftur við ásamt VM5. Strengirnir koma til með að liggja frá tengivirkni Rimakots í Rangárþingi eystra niður Landeyjasand til sjávar og áfram til Vestmannaeyja. Samhliða er lega núverandi jarðstrengja lagfærð á uppdrætti í samræmi við nákvæmari gögn. Breytingin er gerð í samráði við Landsnet og er ætluð til þess að styrkja flutningskerfi raforku til Vestmannaeyja.

Skipulagsstofnun benti á í umsögn um skipulagslysingu að framkvæmd kunni að vera matsskyld sbr. tl. 10.16 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og mun tilkynning verða send Skipulagsstofnun.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinagerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000
- Greinagerð þessi með umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR

Álag á svæðisflutningskerfi Suðurlands hefur aukist mikið á síðustu árum og hefur sú staða komið upp að flutnings- og spennugeta kerfisins er takmarkandi þáttur í afhendingaröryggi raforku, ekki síst fyrir byggðina í Vestmannaeyjum. Nauðsynlegt er að koma upp fullnægjandi tvítengingu Vestmannaeyja við flutningskerfi á Suðurlandi.

Í dag eru einungis einn 66 kV sæstrengur til Vestmannaeyja og er núverandi varatenging um Vestmannaeyjalínu 1 sem er 33 kV jarðstrengur frá árinu 1962 sem er í slæmu ásigkomulagi og með takmarkandi flutningsgetu. Vestmannaeyjar eru aðeins tengdar flutningskerfinu með sæstreng, ef bilun kemur upp getur viðgerðatími verið langur sem veldur skerðingum á atvinnustarfsemi og daglegu lífi íbúa.

Núverandi kerfi er ekki fullnægjandi til að tryggja afhendingaröryggi til Vestmannaeyja og eru því Vestmannaeyjalína 4 og 5 nauðsynlegar til þess að geta annað aukinni raforkubörf og tryggja sem best afhendingaröryggi í Eyjum.

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

2.1 Staðhættir

Vestmannaeyjar tilheyra svæðisbundnu flutningskerfi Suðurlands sem nær milli Þorlákshafnar, Flúða og Vestmannaeyja. Kerfið tengist meginflutningskerfi Landsnets í Sogi og í Búrfelli. Vestmannaeyjar eru tengdar með sæstrengjum við flutningskerfi Landsnets í gegnum Rimakot. Strengleið Vestmannaeyjalínu 4 og Vestmannaeyjalínu 5 kemur til með að liggja fyrst yfir skilgreint landbúnaðarland sunnan við tengivirknið við Rimakot og þaðan um strandsvæði Landeyjarsands til sjávar.



MYND 1 Yfirlitsmynd af svæðinu sem breytingin nær til. Mynd af www.map.is.

2.2 Tengsl við aðrar áætlunar

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga. Í kafla 2.5.1 Um orkunýtingu og raforkuflutning í skipulagsáætlunum í dreifbýli segir:

„Skipulagsákvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvarðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum“.

Breytingin samræmist markmiðum landsskipulagsstefnu er varðar stefnu um flutningskerfi raforku í dreifbýli.

2.2.2 Orkustefna til ársins 2050

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: *orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi*.

Um orkuöryggi segir m.a. að „*Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt frambod á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuiðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúrvárra, skemmdarverka eða af öðrum orsökum*“.

Varðandi flutningskerfi þá eru til staðar ákveðnir flöskuhálsar sem takmarka afhendingaröryggi. Orkustefna miðar að því að „*styrkja þarf flutnings- og dreifikerfi til að mæta aukinni börf í samfélagini, með lágmarks umhverfis áhrifum, í samráði við hagsmunaaðila og aðra sem uppbryggingin snertir. Innviðir þurfa að vera tryggir og áfallabölnir. Áfallabol má bæta m.a. með nægilegri flutningsgetu, varaafli og/eða hringtengingum, jarðstrengjum og miðast við aðstæður og aðrar tæknilegar skorður*“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmörkuð eins og kostur er.

Vestmannaeyjalína 4 og 5 eru mikilvægur í að styrkja afhendingaröryggi raforku til Vestmannaeyja og samræmast þeim áherslum sem settar eru fram í Orkustefnu Íslands til ársins 2050 þar sem megin markmið hennar er að auka raforkuöryggi og flutningsgetu rafmagns.

2.2.3 Kerfis- og framkvæmdaráætlun Landsnet.

Árlega leggur Landsnet fram kerfisáætlanir til Orkustofnunar sem gera grein fyrir fyrirhuguðum uppbryggingum eða uppfærslum á meginflutningskerfi raforku innan 10 ára ásamt framkvæmdaráætlun til þriggja ára.


Vestmannaeyjalína 4 er listuð í drögum að Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032. Fyrirhuguð framkvæmd er á framkvæmdaráætlun 2024-2026. Stefnt er á að framkvæmdir hefjast 2025. Til skoðunar er að leggja Vestmannaeyjalínu 5 samtímis til þess að takmarka kostnað sem felst í því lagningu sæstrengs, hægt er að ná fram samlegðaráhrifum með því að leggja tvo strengi samtímis. Hagkvæmni þess er til skoðunar og ef niðurstaðan verður að best sé að leggja strengina samtímis verður framkvæmdaráætlun Landsnets breytt til samræmis.

2.2.4 Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032

Markmið gildandi aðalskipulags Rangárþings eystra sem tók í gildi í mars 2023 er að stuðla „að skynsamlegri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Samkvæmt stefnu aðalskipulagsins er áhersla á að sem flestar háspennulínur verði settar í jörð. Helgunarsvæði háspennulína er misbreytt, helgunarsvæði jarðstrengja er að jafnaði mun minna en loftlína. Innan helgunarsvæðis háspennulína er óheimilt að reisa mannvirki, planta trjám eða ráðast í aðrar framkvæmdir nema í samráði við Landsnet. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppráttum sem og rafsrengir/háspennulínu 66 kV eða stærri.

Í aðalskipulagi er fjallað um Rimakotslínu sem er fyrirhugaður 132 kV jarðstrengur sem verður lagður frá Hellu meðfram Suðurlandsvegi austur fyrir Hvolsvöll og þaðan til suðurs að Rimakot. Vestmannaeyjalína 1,2 og 3 liggja frá Vestmannaeyjum að umræddu tengivirkni við Rimakot.



MYND 2. Hluti af Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032. Vestmannaeyjalína 4 og 5 koma til með að liggja frá tengivirkni við Rimakot til Vestmannaeyja.

2.3 Fornminjar

Aðalskráning fornleifa hefur ekki verið lokið í Rangárþingi eystra. Finnist áður ókunnar minjar ber að kynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal þegar haft samband við minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins utan þeirra minja sem þekktar eru og skráðar við Rimakot sbr. deiliskipulag.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

3.1 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á sveitarfélags uppdrætti. Vestmannaeyjalína 4 og 5 eru settar inn á uppdrátt og liggja frá tengivirki Rimakots suður að sveitarfélagsmörkum við sjó. Eftir atvikum er strenglega eldri strengja, Vestmannaeyjalína 1,2 og 3 lagfærð í samræmi við nákvæmari gögn um legu strengjanna.

3.2 Breyting á greinagerð

Gerð er breyting á kafla 5.1 Rafveita þar sem eftirfarandi bætist við í töflu:

TAFLA 37 Raflínur og rafstrengir sem liggja um sveitarfélagið og eru á vegum Landsnets.

HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
Vestmannaeyjalína 4	Jarðstrengur. Liggur frá Vestmannaeyjum að tengivirki við Rimakot.
Vestmannaeyjalína 5	Jarðstrengur. Liggur frá Vestmannaeyjum að tengivirki við Rimakot.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags og deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

4.1 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag sem skipulagslýsing þessi nær til.

4.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulaginu verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginþurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni.

Tafla 4 Umhverfisþættir, matssþurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Ásýnd lands.</i> <i>Hagkvæm nýting lands.</i> <i>Jarðvegsrøf.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla á verndun viðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda. • Mannvirki vegna orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. <ul style="list-style-type: none"> • Sem flestar raflinur verða settar í jörðu. • Skipulag landnýtingar verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga og að landnýting sé í sátt við náttúruna. 	Hefur stefnan áhrif á landslag og ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á hagkvæma nýtingu lands?
Loft <i>Losun gróðurhúsa-lofttegunda.</i> <i>Nýting sjálfbærar orku.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> • Við skipulag byggðar verði tekið til loftslagsbreytinga og að landnotkun stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla á kolefnishlutleysi og að loftmengun verði ávallt undir viðmiðunarmörkum. Orkustefna til ársins 2050 <ul style="list-style-type: none"> • Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti. 	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda? Hefur stefnan áhrif á nýtingu sjálfbærar orku?
Gróður og dýralíf <i>Gróðurlendi.</i> <i>Vistkerfi.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> • Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru. Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. <ul style="list-style-type: none"> • Stuðla skal að vernd litt raskaðra landsvæða. • Vernda og endurheimta búsvæði vaðfugla og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla. Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.	Hefur stefnan áhrif á aðra landnotkunarmöguleika.

UMHVERFISPÁTTUR	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Samfélag <i>Innviðir.</i> <i>Atvinna.</i> <i>Íbúar og byggð.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag gefi kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. <p>Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að sjálfbæri þróun samfélagsins og skapi góð skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðri sátt við hvort annað. <p>Orkustefna til ársins 2050</p> <ul style="list-style-type: none"> Orkuþörf samfélags ávallt uppfyllt með traustum innviðum með næga afkastagetu og áfallapóli. 	Hefur stefnan áhrif á innviði og atvinnu svæðisins?
Minjar- og verndarsvæði <i>Náttúrumminjar.</i> <i>Fornminjar.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu. <p>Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar. 	Hefur stefnan áhrif á minjar- og verndarsvæði?

4.3 Mat á umhverfisáhrifum

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Strengirnir eru lagðir í jörðu sem takmarkar sjónræn áhrif. Breytingin stuðlar að hagkvæmri nýtingu lands þar sem aðrir innviðir, s.s. spennivirkir fyrir strengina eru þegar til staðar. Strengirnir fylgja að mestu núverandi strengleiðum og ekki er talin hætta á jarðvegsrofi eða að strengirnir takmarki landbúnaðarstarfsemi.

Áhrif á loft eru metin jákvæð. Raforkan sem flutt er með strengjunum er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Verið er að bæta raforkuöryggi sem kemur m.a. til með að auðvelda frekari orkuskipti í samgönum og stuðla að kolefnishlutleysi.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg. Svæðið sem breytingin nær til er þegar nýtt undir raforkuflutning og aðra strengi. Takmörkuð áhrif á fuglalíf eru möguleg á meðan framkvæmdum stendur.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Verið er að byggja upp öruggara flutningskerfi raforku á Suðurlandi og stuðla að sjálfbærri þróun byggða. Raforkuöryggi er mikilvægt fyrir eflingu atvinnulífsins, orkuskipti á landi og á sjó og fyrir lífsgæði og öryggi íbúa.

Áhrif á minja- og verndarsvæði eru metin óveruleg/óviss. Skráning fornleifa hefur ekki verið lokið í sveitarfélagini, svæðið hefur þó raskast töluvert í gegnum árin vegna framkvæmda á raforkuflutningskerfinu. Þekktar minjar eru skráðar á deiliskipulagi Rimakots og skilmálar settir um að finnist áður ókunnar minjar skal stöðva framkvæmdir og hafa samráð við Minjastofnun Íslands.

4.4 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni og telur að með henni sé verið að koma á fullnægjandi tvítengingu Vestmannaeyja við flutningskerfi raforku á Suðurlandi. Áhrif breytingarinnar eru yfir heilt litið óveruleg þar sem svæðið er þegar skilgreint og nýtt undir mannvirkni tengd flutningskerfi raforku og því talsvert raskað. Samfélagslegt mikilvægi rafstrengjanna er verulegt og eru framkvæmdirnar nauðsynlegar til að

framfylgja stefnu stjórnvalda um bætt afhendingaröryggi til að auðvelda framgang orkuskipta í samféluginu öllu, þ.m.t. í Vestmannaeyjum.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt í október 2023. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

5.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtoldum aðilum:

- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands




5.2 Breytingar að lokinni auglýsingu

Í kafla 2 er bætt við tilvísun í lög um að framkvæmdin er háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. ábendingu frá stofnuninni sjálfri.


Uppdráttur er lagfærður, engar efnislegar breytingar eru gerðar.

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032

Breyting aðalskipulags - Strengir milli Rimakots og Vestmannaeyja



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

0 0,5 1 2 3 4 5 km



Skýringar

Athafnsvæði
Flugvellir
Hafnir
Landbúnaðarsvæði
Strandsvæði
Vötn, ár og sjór

○ Svæði sem breytingin nær til

◻ Afmörkun skipulags

- Bærir
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- ◆ Minjavерnd
- (L) - Ljósleiðari
- (R) - Rafveita, loftlinna
- (R) - Rafveita, jarðstrengur
- (V) - Vatnsveita
- Hverfisvernd
- Náttúruvá
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur



Breyting - aðalskipulags
Strengir milli Rimakots og Vestmannaeyja

Verk: 103471
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: ÁJ

Mælirkvarði: 1:65.000 Dags: 07.12.2023
Breytt dags: 14.03.2024

